

## 5. gr.

Heilbrigðiseftirlitið eða aðilar á þess vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Reykjavík og getur það leitað aðstoðar lögregluþingvalda, þegar þörf krefur.

Borgarstjórn setur reglur um nánari framkvæmd reglna þessara, svo sem um eftirlit, hreinsun, hundageymslu og hvaða starfsfólk annist þá þætti.

## 6. gr.

Hundar, sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í sérstaka hundageymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega hunda.

Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað.

Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 10 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Að öðrum kosti skal hundinum lógað.

## 7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða varðhaldi.

Með brot út af samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988, VI. og VII. kafla.

## 8. gr.

Framangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 385/1984.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Leyfi til hundahalds, sem veitt hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin að fullu um þau leyfi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júní 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**AUGLÝSING****um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 31. maí 1989, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 fallist á og staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1984–2004 að landnotkun á hluta svæðis milli Hraunbæjar og Bæjarháls verður blandað íbúðar- og útivistarsvæði í stað útivistarsvæðis.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólfríður Snæbjörnsdóttir.*